

Nd.

## 139. Nefndarálit

um frv. til l. um birtingu efnahagsreikninga.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir haft frv. til meðferðar á nokkrum fundum og sent það til umsagnar Landsbankanum, Útvegsbankanum, Búnaðarbankanum, Sambandi isl. samvinnufélaga, Verzlunarráðinu og Vinnuveitendafélaginu. Tvær af þessum sex stofnunum hafa mælt gegn frv. (Verzlunarráðið og Vinnuveitendafélagið) og ein með því (S. Í. S.), en þrjár (bankarnir) hafa enga umsögn sent.

Það verður að telja mjög skiljanlegt, að stofnanir eins og Verzlunarráðið og Vinnuveitendafélagið séu mótfallnar slíkri lagasetningu, þar sem frv. fjallar um að leggja meðlimum þeirra auknar skyldur á herðar og auka eftirlit með þeim. Þau rök, sem fram voru færð í umsögnum þeirra, taldi meiri hl. nefndarinnar þó eigi fært að taka til greina, þegar á þetta mál er litið með hag almennings fyrir augum.

Eins og högum er háttað hér á landi, er sérstök ástæða til að lögleiða slíkt fyrirkomulag, sem hér er farið fram á. Svo að segja öll stærri atvinnufyrirtæki hafa fjármagn sitt frá hinu opinbera eða stofnunum, sem eru þjóðareign. Það virðist því ekki nema eðlilegt, að almenningur eigi kost á að kynna sér, hversu þessu fé er varið í aðalatriðum. Sýnist þar ekki vera hægt að gera lægri kröfur en svo, að efnahagsreikningar séu birtir. Hinsvegar er ekki til þess ætlaðt samkv. frv., að rekstrarreikningar séu birtir nema í sérstökum undantekningartilfellum. Það getur að vísu verið álitamál, hversu mikið fé fyrirtæki skuli þurfa að hafa að láni til þess að skylt sé að birta efnahagsreikning. Sú stofnun, sem mælt hefir með frv. (S. Í. S.), telur, að markið, sem sett er í frv. (50 þús. kr.), sé síst of hátt og mætti jafnvel vera lægra. Hinsvegar telur þó meiri hl. nefndarinnar, að rétt sé, meðan slík lagasetning enn er óreynd, að setja markið eigi lægra en 100 þús. kr. Síðar mætti þá færa markið niður, þegar nánar er vitað um fjölda þeirra fyrirtækja, sem á þennan hátt yrði skylt að birta efnahagsreikninga sína. Einnig telur meiri hl. nefndarinnar rétt, að lögin nái aðeins til bókhaldsskyldra fyrirtækja, og er þá gengið út frá, að frv. það um bókhald, er nú liggur fyrir Alþingi, verði að lögum.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að efnahagsreikningi skuli fylgja vottorð skattanefndar eða skattstofu um, að reikningurinn sé í samræmi við skattaframtal.

Minni hl. nefndarinnar (GP og TT) er frv. andvígur og mun skila sérstöku nefndaráliti.

Samkvæmt framansögðu leggur meiri hl. nefndarinnar (GG, SvBH, VJ) til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

### BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.

a. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Hlutfélög, samvinnufélög, önnur félög, fyrirtæki bæjar- og sveitarfélaga og einstaklingar, sem reka verzlun, útgerð, iðnað eða aðra atvinnu, eru bókhaldsskyld og skulda hönkum og sjóðum hér á landi samtals 100000 krónur o. s. frv.

b. Aftan við greinina bætist:

Reikningunum skal fylgja vottorð skattanefndar (í Reykjavík skattstofu) um, að þeir séu í samræmi við skattaframtal.

2. Við 6. gr. Í stað „1000“ komi: 50000.

Alþingi, 22. marz 1938.

Vilm. Jónsson,  
fundaskr.

Sveinbjörn Högnason,  
frsm.

Gisli Guðmundsson.